

**SAMPYKKTIR**  
fyrir Kaupþing banka hf.

Alþingi  
Erindi nr. P 136/92  
komudagur 13.11.2008

**I. KAFLI**

**Nafn félagsins, heimili og tilgangur**

**1. gr.**

Félagið er hlutafélag. Nafn félagsins er Kaupþing banki hf. Erlent aukheiti félagsins er Kaupþing Bank hf.

**2. gr.**

Heimili félagsins er að Borgartúni 19, 105 Reykjavík.

**3. gr.**

Félagið er viðskiptabanki og starfar skv. lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Tilgangur félagsins er fjármálaþjónusta og önnur sú starfsemi sem rekin verður í eðlilegum tengslum við hana.

**II. KAFLI**

**Hlutafé félagsins**

**4. gr.**

Hlutafé félagsins er 7.404.530.530 krónur að nafnvirði sem skiptist í 740.453.053 hluti. Stjórn félagsins er heimilt að ákveða að hlutafé bankans verði skráð í evrum í stað íslenskra króna, í samræmi við heimild í 4. og 5. mgr. 1. gr. hlutafélagalaga nr. 2/1995 með síðari breytingum. Hver hlutur skal vera 1 evra að nafnvirði, sem hefur í för með sér samsvarandi lækun á fjölda hluta. Við umreikning frá krónum yfir í evrur skal, í samræmi við 1. gr. hlutafélagalaga, miða við lokagengi (miðgengi) samkvæmt opinberu viðmiðunargengi Seðlabanka Íslands í lok næsta reikningsárs á undan því ári þegar ákvörðunin er tekin. Hafi félagið fengið heimild til að færa bókhald og semja ársreikninga í evrum skal gengið ákvarðast í samræmi við viðeigandi ákvæði laga um ársreikninga. Stjórninni skal enn fremur heimilt að gera hverjar þær breytingar á samþykktum félagsins sem leiða af þessari ákvörðun, þar á meðal að breyta þeim upphæðum sem birtast í 1. og 3. mgr. 4. gr. samþykktanna og snúa að breytingunni, miðað við sömu umreikningsaðferð, og að gera samsvarandi breytingar á þeim upphæðum sem stjórninni er heimilt eða verður heimilt að hækka hlutafé félagsins um.

Stjórn félagsins er heimilt að auka hlutafé þess um allt að 1.500.000.000 króna að nafnvirði, með áskrift allt að 150.000.000 nýrra hluta. Hluthafar falla frá forgangsrétti sínum skv. 34. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög. Stjórn bankans er þó heimilt að veita einstökum hluthöfum á hverjum tíma heimild til að skrá sig fyrir nýjum hlutum að hluta eða öllu leyti. Engar hömlur eru á viðskiptum með hina nýju hluti. Þessir nýju hlutir skulu vera í sama flokki og með sömu réttindi og aðrir hlutir í félaginu. Þeir skulu veita réttindi í félaginu frá skrásetningardegi hlutafjárhækkunarinnar. Stjórn félagsins er falið að ákveða nánari útfærslu á hækkun þessari m.t.t. verðs og greiðsluskilmála. Stjórn skal einnig ákvarða í hvaða áföngum heimildin verður nýtt. Stjórn félagsins er heimilt að ákveða að áskrifendur greiði fyrir hina nýju hluti að hluta eða öllu leyti með öðru en reiðufé. Heimild þessi gildir til 16. mars 2012 að svo miklu leyti sem hún hefur ekki verið nýtt fyrir það tímamark.

Hver hlutur í félaginu er tíu krónur að nafnvirði.

Hluthafafundur getur ákveðið að auka hlutaféð, hvort heldur er með áskrift nýrra hluta eða útgáfu jöfnunarhluta eftir sömu reglum og gilda um breytingar á samþykktum félagsins. Hluthafar hafa forgangsrétt til hlutafjárauka, að tiltölu við hlutafjáreign sína í félaginu og innan tímamarka sem greind verði í samþykkt um aukningu hlutafjár. Nú neyta eldri hluthafar ekki forkaupsréttar síns að fullu og eiga þá aðrir hluthafar aukinn rétt til áskriftar. Hluthafafundur getur með 2/3 hluta atkvæða ákveðið að víkja frá forgangi við hækkun hlutafjár, enda sé hluthöfum á engan hátt mismunað.

Stjórn félagsins er heimilt að gefa út breytanleg skuldabréf að hámarki að fjárhæð sem jafngildir EUR 1.500.000.000, eða, eftir aðstæðum, að ábyrgjast útgáfu og greiðslu slíkra breytanlegra skuldabréfa, sem gefin yrðu út af einhverju dótturfélaga félagsins, með þeim skilmálum að hægt yrði að breyta slíkri skuld í hluti í Kaupþingi banka hf., að tilteknum skilyrðum uppfylltum. Stjórninni er ennfremur heimilt, eftir því sem þörf krefur, að hækka hlutafé félagsins um allt að 1.750.000.000 kr. að nafnvirði, með áskrift allt að 175.000.000 nýrra hluta til að uppfylla skuldbindingar félagsins samkvæmt breytanlegu skuldabréfunum, ef eigendur skuldabréfanna vilja nýta breytirétt sinn, að hluta eða í heild. Hluthafar falla frá forgangsrétti sínum vegna nýju hlutanna, samkvæmt 3. mgr. 34. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög. Stjórn félagsins er þó heimilt að veita einstökum hluthöfum á hverjum tíma heimild til að skrá sig fyrir nýjum hlutum að hluta eða öllu leyti. Nýju hlutirnir skulu vera í sama flokki og með sömu réttindi og aðrir hlutir í félaginu. Nýju hlutirnir skulu veita réttindi í félaginu frá skrásetningardegi hlutafjárhækkunarinnar. Engar hömlur verða á viðskiptum með hina nýju hluti. Stjórn skal að öðru leyti taka ákvörðun um skilmála útgáfu breytanlegra skuldabréfanna og um hækkun hlutafjárins, og ennfremur um það í hvaða áföngum heimildin verður nýtt. Stjórninni er ennfremur heimilt að gera nauðsynlegar breytingar á samþykktum félagsins í tengslum við útgáfu breytanlegra skuldabréfanna eða hlutafjárhækkunina í kjölfar hennar. Heimild þessi til að gefa út breytanleg skuldabréf og hækka hlutafé gildir til 1. mars 2013 að svo miklu leyti sem hún hefur ekki verið nýtt fyrir það tímamark.

Greiði hluthafi ekki tilskilið hlutafé á gjalddaga skal hann greiða dráttarvexti af skuldinni frá þeim degi til greiðsludags, auk alls kostnaðar við innheimtu. Jafnframt er heimilt að grípa til annarra þeirra vanefndaúrræða sem lög heimila á hverjum tíma.

Hlutafé er allt jafn rétthátt.

#### 5. gr.

Hlutabréf er heimilt samkvæmt ákvörðun stjórnar félagsins að gefa út með rafrænum hætti í verðbréfamiðstöð í samræmi við lög um rafræna skráningu verðbréfa. Þegar hluthafi hefur greitt hlut sinn að fullu til félagsins fær hann útgefið rafrétt í verðbréfamiðstöð og eignaréttindi skráð yfir því og veitir það honum full réttindi, þau er samþykktir félagsins mæla fyrir um.

#### 6. gr.

Stjórn félagsins skal halda hlutaskrá í samræmi við lög.

Hlutaskráin skal geymd á skrifstofu félagsins og eiga allir hluthafar aðgang að henni og mega kynna sér efni hennar.

Útskrift frá verðbréfaskráningu um eignarhald á hlutum í félaginu telst fullnægjandi grundvöllur að hlutaskrá.

**7. gr.**

Hluti í félaginu má selja og veðsetja nema annað leiði af lögum.

Eigendaskipti að hlut, hvort sem verður fyrir sölu, gjöf, erfð, búskipti eða aðför, skal ávallt tilkynna skrifstofu félagsins jafnskjótt og þau fara fram og skal þá breyta hlutaskrá til samræmis.

Sá sem eignast hlut í félaginu getur ekki beitt réttindum sínum sem hluthafi nema nafn hans hafi verið skráð í hlutaskrá eða hann hafi tilkynnt og fært sönnur á eign sína á hlutnum.

Gagnvart félaginu skal hlutaskráin skoðast sem fullgild sönnun fyrir eignarrétti að hlutum í félaginu, og skal arður á hverjum tíma, svo og jöfnunarhlutir, fundarboð og tilkynningar allar, sendar til þess aðila, sem á hverjum tíma er skráður eigandi viðkomandi hlutar í hlutaskrá félagsins. Ber félagið enga ábyrgð á því, ef greiðslur eða tilkynningar misfarast vegna þess að vanrækt hefur verið að tilkynna félaginu um eiganda- eða aðsetursskipti.

**8. gr.**

Hluthafar eru ekki skyldir að þola innlausn á hlutum sínum nema lög bjóði.

**9. gr.**

Félaginu er heimilt að kaupa eigin hluti að því marki sem lög leyfa.

**10. gr.**

Hver hluthafi er skyldur til, án sérstakrar skuldbindingar, að hlfta samþykktum félagsins, eins og þær eru nú, eða þeim síðar kann að verða breytt á löglegan hátt.

Hluthafar bera ekki ábyrgð á skuldbindingum félagsins fram yfir hlut sinn í félaginu nema þeir taki á sig frekari ábyrgð með sérstökum löggæringi. Á ákvæðum þessarar greinar getur engin breyting orðið.

**III. KAFLI**  
**Hluthafafundir**

**11. gr.**

Æðsta vald í málefnum félagsins, innan þeirra marka, sem samþykktir þessar og landslög setja, er í höndum lögmaetra hluthafafunda.

Rétt til að sækja hluthafafundi félagsins hafa hluthafar, umboðsmenn þeirra og ráðgjafar, endurskoðandi félagsins og framkvæmdastjóri.

Hluthafi getur látið umboðsmann sækja hluthafafund fyrir sína hönd. Umboðsmaður skal leggja fram skriflegt og dagsett umboð. Sama umboð gildir aðeins fyrir einn fund.

Hluthafa er heimilt að sækja fund ásamt ráðgjafa. Ráðgjafi hefur hvorki málfrelsi, tillögurétt né atkvæðisrétt á hluthafafundum.

Endurskoðandi félagsins og framkvæmdastjóri hafa fullt málfrelsi og tillögurétt á hluthafafundum, þótt ekki séu þeir hluthafar.

Stjórn félagsins er heimilt að bjóða sérfræðingum setu á einstökum fundum, ef leita þarf álits þeirra eða aðstoðar.

#### 12. gr.

Aðalfund skal halda fyrir lok aprílmánaðar ár hvert. Heimilt er að halda aðalfund annars staðar en á heimili félagsins.

Til aðalfundar skal boða með tilkynningu til hvers hluthafa í ábyrgðarbréfi, með símskeyti eða á annan sannanlegan hátt, þ.m.t. með auglýsingu í dagblaði. Fundarefnis skal getið í fundarboði. Ef taka á til meðferðar tillögu til breytinga á samþykktum félagsins, skal greina meginefni tillögunnar í fundarboði.

Aðalfund skal boða með minnst viku en lengst 4 vikna fyrirvara. Aðalfundur er lögmaður ef löglega er til hans boðað.

#### 13. gr.

Á aðalfundi skulu tekin fyrir þessi mál:

- 1) Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins sl. starfsár.
- 2) Endurskoðaður reikningur félagsins fyrir liði starfsár er hafi m.a. að geyma tillögu stjórnar um ráðstöfun tekjuafgangs.
- 3) Tillögur til breytinga á samþykktum félagsins, ef borist hafa.
- 4) Ákvörðun um greiðslu arðs.
- 5) Tillaga stjórnar um starfskjarastefnu.
- 6) Kosning stjórnar.
- 7) Kosning löggilts endurskoðanda eða endurskoðunarstofu.
- 8) Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna félagsins fyrir störf þeirra.
- 9) Önnur mál.

Ef hluthafar sem ráða minnst 1/3 hlutafjárins, krefjast þess skriflega á aðalfundi, skal fresta ákvörðun um lið 2 til framhaldsaðalfundar, sem haldinn skal í fyrsta lagi einum mánuði og síðasta lagi tveimur mánuðum síðar. Frekari frests er ekki unnt að krefjast.

#### 14. gr.

Aukafundi skal halda, þegar stjórn félagsins þykir við þurfa, samkvæmt fundarályktun, eða ef kjörinn endurskoðandi eða hluthafar sem ráða yfir minnst 1/10 hlutum hlutafjárins krefjast þess skriflega og greina fundarefni, enda skal þá boða til aukafundar innan 14 daga frá því að krafan kom stjórninni í hendur.

Til hluthafafunda skal boða með minnst viku fyrirvara og lengst fjögurra vikna fyrirvara. Séu allir hluthafar mættir, eða umboðsmenn þeirra, geta þeir gefið undanþágu frá þessu ákvæði. Boða skal hluthafafundi með sama hætti og boðað er til aðalfundar sbr. 2. mgr. 12. gr. Um lögmati aukafunda skulu gilda sömu reglur og um lögmati aðalfundar, sbr. 3. mgr. 12. gr.

Verði eigið fé samkvæmt bókum félagsins minna en helmingur af skráðu hlutafé ber stjórn félagsins að kalla saman hluthafafund innan sex mánaða. Á fundinum skal stjórnin gera grein fyrir fjárhagslegri stöðu félagsins og ef þörf krefur leggja fram tillögur um nauðsynlegar ráðstafanir.

#### 15. gr.

Hver hluthafi á rétt á að fá ákveðið mál tekið til meðferðar á hluthafafundi, ef hann gerir skriflega kröfu um það til félagsstjórnar með það löngum fyrirvara, að unnt sé samkvæmt samþykktum þessum að taka málið á dagskrá fundarins.

Í fundarboði skal greina málefni þau, sem taka á til meðferðar á hluthafafundi. Viku fyrir hluthafafund hið skemmsta skal dagskrá, endanlegar tillögur, svo og ársreikningur, skýrsla stjórnar, tillaga stjórnar um starfskjarastefnu og skýrsla endurskoðanda, sé um aðalfund að ræða, lögð fram hluthöfum til sýnis á skrifstofu félagsins.

Mál, sem ekki hafa verið greind á dagskrá er ekki unnt að taka til úrlausnar á hluthafafundi nema með samþykki allra hluthafa félagsins, en gera má um þau ályktun til leiðbeiningar fyrir félagsstjórn. Þótt máls hafi ekki verið getið á dagskrá, kemur það ekki í veg fyrir, að ákveðið sé að boða til aukafundar til að fjalla um málið, auk þess sem aðalfundur getur ávallt afgreitt mál, sem skylt er að taka til meðferðar samkvæmt lögum eða félagssamþykktum.

Löglega frambornar viðauka- og breytingatillögur má bera upp á fundinum sjálfum, enda þótt þær hafi ekki legið frammi hluthöfum til sýnis.

Hafi stjórn ákveðið að hluthafafundur skuli haldinn að hluta til með rafrænum hætti, skulu hluthafar sem taka þátt í fundinum með þeim hætti, leggja fram spurningar um dagskrá eða framlögð skjöl o.fl. tengt hluthafafundinum, eigi síðar en fimm dögum fyrir fundinn.

#### 16. gr.

Formaður stjórnar félagsins eða kjörinn fundarstjóri stjórnar hluthafafundum og kjöri fundarritara. Fundarstjóri athugar í upphafi fundarins, hvort löglega hafi verið til hans boðað, svo og hvort fundur sé lögmætur að öðru leyti og lýsir yfir hvort svo sé. Hann stýrir öllum umræðum og atkvæðagreiðslum.

Þegar fundur hefur verið settur, skal gerð skrá yfir hluthafa og umboðsmenn hluthafa, sem fund sækja, til þess að ljóst sé, hversu mörgum hlutum og atkvæðum hver þeirra ræður yfir. Skrá þessi skal notuð þar til hluthafafundur kann að breyta henni.

#### 17. gr.

Fundarritari heldur fundargerðabók. Í fundargerðabók skal skrá ákvarðanir hluthafafundar ásamt úrslitum atkvæðagreiðslna. Skrá yfir viðstadda hluthafa og umboðsmenn þeirra skal færð í fundargerðabók eða fylgja henni. Fundargerð skal lesa upphátt fyrir fundarlok og skrá þar athugasemdir ef fram koma. Fundarstjóri og fundarritari skulu undirrita fundargerðabók.

Í síðasta lagi fjórtán dögum eftir hluthafafund skulu hluthafar eiga aðgang að fundargerðabók eða staðfestu endurriti fundargerða á skrifstofu félagsins. Fundargerðabók skal varðveitt með tryggilegum hætti.

Skráðar fundargerðir skulu vera full sönnun þess sem gerst hefur á fundum.

#### 18. gr.

Á hluthafafundi fylgir eitt atkvæði hverjum hlut.

Á hluthafafundum ræður afl atkvæða nema öðruvísi sé fyrir mælt í samþykktum þessum eða landslögum. Nú verða atkvæði jöfn við kosningar í félaginu og ræður þá hlutkesti úrslitum.

Samþykki allra hluthafa þarf til þess:

- a) Að skylda hluthafa til þess að leggja fram fé og annað í félagsþarfir fram yfir skuldbindingar sínar.
- b) Að skylda hluthafa til að þola lausn hluta sinna að einhverju leyti eða öllu umfram það sem mælt er fyrir í landslögum eða í 8. gr. samþykktu þessara, nema að félaginu sé slitið eða hlutaféð löglega fært niður.
- c) Að takmarka heimild manna til meðferðar á hlutum sínum

#### IV. KAFLI Stjórn félagsins

##### 19. gr.

Stjórn félagsins skal skipuð 9 mönnum kjörnum á aðalfundi til eins árs í senn. Jafnframt skulu kjörnir 9 menn til vara. Um hæfi stjórnarmanna fer að lögum. Stjórnarkjör skal jafnan vera skriflegt, ef tillögur koma fram um fleiri menn en kjósa skal.

Stjórnin kys sér formann úr sínum hópi og skiptir að öðru leyti með sér verkum eftir því sem þurfa þykir. Stjórn félagsins er heimilt að fela stjórnarformanni tiltekin verkefni í þágu félagsins.

Þeir sem hyggjast bjóða sig fram til stjórnar félagsins skulu tilkynna um framboð sitt með a.m.k. 7 daga fyrirvara. Upplýsingar um framboðendur skulu vera aðgengilegar á skrifstofu bankans eigi síðar en tveimur dögum fyrir hluthafafund.

##### 20. gr.

Formaður kveður stjórnina til funda og stýrir þeim. Fundi skal halda hvenær sem hann telur þess þörf. Formanni er auk þess skylt að boða stjórnarfund að kröfu eins stjórnarmanna eða framkvæmdastjóra. Stjórnarfundir skulu boðaðir með minnst sólarhrings fyrirvara. Stjórnarfundir eru ályktunarbærir ef meirihluti stjórnarmanna er mættur eða varamenn þeirra. Til að ákvörðun stjórnarfundar teljist gild, þarf hún stuðning meirihluta stjórnarmanna.

Stjórnin skal halda gerðabók um það sem gerist á stjórnarfundum og staðfesta hana með undirskrift sinni.

##### 21. gr.

Stjórn félagsins hefur æðsta vald í málefnum félagsins milli hluthafafunda. Hún fer með málefni félagsins og skal annast um að skipulag félagsins og starfsemi sé jafnan í réttu og góðu horfi. Stjórnin skal annast um að nægilegt eftirlit sé haft með bókhaldi og meðferð fjármuna félagsins. Stjórn félagsins skal ekki hafa afskipti af ákvörðunum um einstök viðskipti, nema þau séu veruleg miðað við stærð félagsins. Einstakir stjórnarmenn skulu ekki hafa afskipti af ákvörðunum um einstök viðskipti

Stjórnin skal setja reglur um verkaskiptingu stjórnar og framkvæmdastjóra þar sem fram komi mörk lánaheimilda framkvæmdastjóra svo og reglur varðandi ákvarðanir um fjárfestingar sbr. 1. mgr. 54. gr. laga nr. 161/2002.

Stjórn félagsins ræður félaginu framkvæmdastjóra og ákveður starfskjör hans.

Einungis félagsstjórn getur veitt prókúruumboð fyrir félagið.

Undirritun meirihluta stjórnar skuldbindur félagið.

Stjórn félagsins skal setja sér starfsreglur þar sem nánar er kveðið á um framkvæmd starfa stjórnarinnar. Í þeim skal fjallað sérstaklega um heimildir stjórnar til að taka ákvarðanir um einstök viðskipti, framkvæmd reglna um sérstakt hæfi stjórnarmanna meðferð stjórnar á upplýsingum um einstaka viðskiptamenn, setu stjórnarmanna í stjórnun dótturfyrirtækja og hlutdeildarféлага og framkvæmd reglna um meðferð viðskiptaerinda stjórnarmanna sbr. 2. mgr. 54. gr. laga nr. 161/2002.

Að öðru leyti fer um ábyrgð, vald og störf stjórnar samkvæmt lögum.

#### 22. gr.

Framkvæmdastjóri og félagsstjórn fara saman með stjórn félagsins.

Framkvæmdastjóri annast daglegan rekstur félagsins og skal í þeim efnum fara eftir þeirri stefnu og fyrirmælum, sem félagsstjórn hefur gefið. Hinn daglegi rekstur tekur ekki til ráðstafana, sem eru óvenjulegar eða mikilsháttar. Slíkar ráðstafanir getur framkvæmdastjóri aðeins gert samkvæmt sérstakri heimild frá félagsstjórn, nema ekki sé unnt að biða ákvarðana félagsstjórnar án verulegs óhagræðis fyrir starfsemi félagsins. Í slíkum tilvikum skal félagsstjórn tafarlaust tilkynnt um ráðstöfunina.

Framkvæmdastjóri skal sjá um að bókhald og fjárreiður séu í samræmi við lög og góðar venjur og að meðferð eigna félagsins sé með tryggilegum hætti.

Framkvæmdastjóri ræður starfsmenn félagsins, en leita skal hann samþykkis stjórnar við ráðningu helstu starfsmanna. Hann segir og upp starfsmönnum og fjallar um launamál þeirra.

Framkvæmdastjóri skal fullnægja öllum þeim hæfisskilyrðum sem lög gera ráð fyrir á hverjum tíma.

### V. KAFLI

#### Reikningar og endurskoðun

#### 23. gr.

Á aðalfundi skal kjósa félaginu löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunarfélag til eins árs í senn. Skal hann rannsaka reikninga félagsins og öll reikningsgögn fyrir hvert starfsár og skal hafa aðgang að öllum bóköm félagsins og skjölum í þeim tilgangi.

Endurskoðanda má ekki kjósa úr hópi stjórnarmanna félagsins eða starfsmanna. Um hæfi og hlutgengi við kosningu endurskoðanda fer að öðru leyti að lögum.

#### 24. gr.

Starfsár félagsins og reikningsár er almanaksárið. Stjórn félagsins semur á hverju ári ársreikning og árskýrslu. Ársreikningur og árskýrsla mynda eina heild.

Ársreikningur skal gerður samkvæmt lögum og góðri reikningsskilavenju, bæði að því er varðar mat á hinum ýmsu liðum, uppsetningu, sundurliðun, skýringar og heiti liða.

**25. gr.**

Senda skal Fjármálaeftirlftinu endurskoðaða ársreikninga í síðasta lagi 3 mánuðum eftir lok reikningsárs. Endurskoðandi skal gera endurskoðunar-skýrslu sem leggja skal fyrir aðalfund. Skýrslan skal vera komin í hendur stjórnarmanna í síðasta lagi tveimur vikum fyrir aðalfund og skal ársreikningurinn og endurskoðunarskýrslan liggja frammi a.m.k. vikutíma fyrir aðalfund hluthöfum til sýnis.

**VI. KAFLI**

**Breytingar á samþykktum félagsins**

**26. gr.**

Samþykktum þessum má breyta á lögmaetum aðalfundi eða aukafundi, enda hljóti breytingin samþykki 2/3 hluta greiddra atkvæða, enda taki hluthafar er ráða yfir a.m.k. 2/3 hlutum af því hlutafé sem farið er með atkvæði fyrir á fundinum þátt í atkvæðagreiðslunni, sbr. þó 18. gr.

**VII. KAFLI**

**Slit á félaginu**

**27. gr.**

Um slit á félaginu eða samruna við önnur félög skal fara samkvæmt ákvæðum laga nr. 161/2002 um fjármálaafyrirtæki og ákvæðum annarra laga eftir því sem við á.

**VIII. KAFLI**

**Önnur ákvæði**

**28. gr.**

Þar sem ákvæði samþykkt þessara segja ekki til um hvernig með skuli farið, skal fara samkvæmt ákvæðum laga nr. 161/2002 um fjármálaafyrirtæki, ákvæðum laga um hlutafélög, svo og öðrum lagaákvæðum er við geta átt.


Þannig samþykkt á stofnfundi félagsins 22. febrúar 1982 með breytingum samþykktum á hluthafafundi 22. nóvember 1989, breytingum samþykktum á hluthafafundi 19. október 1990, breytingum samþykktum á aðalfundi 21. febrúar 1994, breytingum samþykktum á aðalfundi 17. febrúar 1995, breytingum samþykktum á hluthafafundi 20. september 1995, breytingum samþykktum á aðalfundi 29. apríl 1996, hluthafafundi 25. nóvember 1996, breytingum samþykktum á aðalfundi 20. mars 1997, breytingum samþykktum á aðalfundi 20. febrúar 1998, breytingum samþykktum á aðalfundi 19. apríl 1999, breytingar samþykktar á hluthafafundi 27. september 1999 og breytingar samþykktar á aðalfundi félagsins 9. mars 2000 og hluthafafundi 19. júní 2000, á hluthafafundi 29. ágúst 2000 og 23. október 2000, breytingar samþykktar á hluthafafundi 5. febrúar 2001, breytingar samþykktar á aðalfundi félagsins 22. mars 2001, breyting vegna nýtingar á hækkunarheimild stjórnar samþykkt 26. mars 2001, breytingar vegna nýtingar á hækkunarheimild stjórnar samþykkt 21. nóvember 2001, breytingar samþykktar á hluthafafundi félagsins 28. desember 2001, breytingar vegna nýtingar á hækkunarheimild stjórnar samþykkt 28. desember 2001, breytingar samþykktar á




hluthafafundi félagsins 20. mars 2002, breytingar vegna nýtingar á hækkunarheimild stjórnar samþykktar 8. ágúst 2002, breytingar samþykktar á hluthafafundi félagsins 11. nóvember 2002, breytingar vegna nýtingar á hækkunarheimild stjórnar samþykktar 11. nóvember 2002, breytingar vegna nýtingar á hækkunarheimild stjórnar samþykktar 12. desember 2002, breytingar samþykktar á aðalfundi 12. mars 2003, breytingar samþykktar á hluthafafundi 26. maí 2003, breytingar vegna nýtingar á hækkunarheimild stjórnar samþykktar 26. maí 2003, breytingar samþykktar á hluthafafundi 26. maí 2003, breytingar samþykktar á stjórnarfundi 19. des. 2003, breytingar samþykktar á aðalfundi 27. mars 2004, breytingar samþykktar á hluthafafundi 5. júlí 2004, breytingar samþykktar á stjórnarfundi 5. júlí 2004, breytingar samþykktar á stjórnarfundi 13. október 2004, breytingar samþykktar á aðalfundi 18. mars 2005, breytingar samþykktar á stjórnarfundi 31. október 2005, breytingar samþykktar á aðalfundi 17. mars 2006, breytingar samþykktar á stjórnarfundi 21. nóvember 2006, breytingar samþykktar á stjórnarfundi 29. nóvember 2006, breytingar samþykktar á aðalfundi 16. mars 2007 og breytingar samþykktar á aðalfundi 7. mars 2008.

Reykjavík, 7. mars 2008

F.h. Kaupþings banka hf.



Hreiðar Már Sigurðsson  
forstjóri



# SAMÞYKKTIR

fyrir Landsbanka Íslands hf.

## I. KAFLI

### Nafn félagsins, heimili og tilgangur

#### 1. gr.

Félagið er hlutafélag. Nafn þess er Landsbanki Íslands hf. Erlent aukheiti félagsins er Landsbanki hf. Félagið er stofnað á grundvelli laga nr. 50/1997 um stofnun hlutafélaga um Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands, en starfar samkvæmt lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, sbr. og lög nr. 2/1995, um hlutafélög.

#### 2. gr.

Heimili félagsins er Austurstræti 11, Reykjavík.

#### 3. gr.

Tilgangur félagsins er að starfrækja viðskiptabanka er hafi á hendi hvers konar starfsemi sem heimil er samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki.

## II. KAFLI

### Hlutafé

#### 4. gr.

Hlutafé bankans er kr. 11.192.754.087.

Bankaráði er heimilt að auka hlutafé félagsins í áföngum, um allt að kr. 1.200.000.000.- að nafnverði, með áskrift nýrra hluta. Hluthafar falla frá forgangsrétti sínum skv. 34. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög til hækkunar hlutafjár skv. þessari málsgrein. Bankaráði er fallið að ákveða nánari útfærslu á hækkun þessari m.t.t. verðs og greiðsluskilmála. Heimild þessi gildir til 23. apríl 2013. Bankaráði er heimilt að ákveða að áskrifendur greiði fyrir hina nýju hluti að hluta eða öllu leyti í öðru en reiðufé.

Hlutaféð skiptist í hluti að fjárhæð ein króna og margfeldi þar af.

Hluthafafundur getur ákveðið hækkun hlutafjár, hvort heldur er með áskrift nýrra hluta eða útgáfu jöfnunarhluta.

Hluthafafundur einn getur ákveðið lækkun hlutafjár.

Bankaráði er heimilt að gefa út breytanleg skuldabréf að hámarki að fjárhæð kr. 60.000.000.000 – sextíu milljarðar króna- sem hafa að geyma skilmála um að heimilt eða skylt sé að breyta slíkum skuldabréfum



Í hlutabréf í Landsbanka Íslands hf. Bankaráði er jafnframt heimilt að auka hlutafé félagsins um allt að kr. 1.500.000.000 – einn milljarð og fimmhundruð milljónir – að nafnvirði til að mæta skuldbindingum félagsins samkvæmt hinum breytanlegu skuldabréfum. Hluthafar falla frá forgangsrétti sínum til hinna nýju hluta skv. 34. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög. Hinir nýju hlutir skulu vera í sama flokki og með sömu réttindi og aðrir hlutir í félaginu. Hinir nýju hlutir veita réttindi í félaginu frá skrásetningardegi hlutafjárhækkunarinnar og engar hömlur skulu vera á viðskiptum með þá. Bankaráð skal að öðru leyti taka ákvörðun um skilmála útgáfu hinna breytanlegu skuldabréfa og um hækkun hlutafjárins og ennfremur í hvaða áföngum heimild þessi verður nýtt. Bankaráði er jafnframt heimilt að gera þær breytingar á samþykktum félagsins sem nauðsynlegar kunna að vera vegna nýtingar á breytirétti skuldabréfanna. Heimild þessi gildir til 23. apríl 2013.

#### 5. gr.

Bankaráði er heimilt að gefa út hlutabréf með rafrænum hætti í verðbréfamiðstöð í samræmi við lög nr. 131/1997 um rafræna eignaskráningu verðbréfa. Þegar hluthafi hefur greitt hlut sinn að fullu til félagsins fær hann útgafið rafrétt í verðbréfamiðstöð og eignarréttindi skráð yfir því og veitir það honum full réttindi, þau er samþykktir félagsins mæla fyrir um. Útskrift frá verðbréfamiðstöð um eignarhald á hlutum í félaginu telst fullnægjandi hlutaskrá.

#### 6. gr.

Bankaráð skal halda hlutaskrá í samræmi við lög og skal þar greina:

1. Útgáfudag hlutabréfa.
2. Nafnverð og númer hvers hlutabréfs.
3. Til handa hverjum hlutabréfið var gefið út, svo og síðari eigendaskipti. Nafn, heimilisfang og kennitölu hluthafa. Ennfremur skal geta eigendaskipta- og skráningardags.

Hlutaskráin skal geymd á skrifstofu bankans og eiga allir hluthafar aðgang að henni og mega kynna sér efni hennar.

#### 7. gr.

Hluti í bankanum má selja og veðsetja nema annað leiði af lögum.

Eigendaskipti að hlutabréfi, hvort sem verður fyrir sölu, gjöf, erfð, búskipti eða aðför, skal ávallt tilkynna skrifstofu bankans jafnskjótt og þau fara fram og skal þá breyta hlutaskrá til samræmis.

Sá sem eignast hlutabréf í bankanum getur ekki beitt réttindum sínum sem hluthafi nema nafn hans hafi verið skráð í hlutaskrá eða hann hafi tilkynnt og fært sönnur á eign sína á hlutum.

Gagnvart bankanum skal hlutaskráin skoðast sem fullgild sönnun fyrir eignarrétti að hlutum, og skulu jöfnunarhlutabréf, fundarboð og tilkynningar allar, sendar til þess aðila, sem á hverjum tíma er skráður eigandi viðkomandi hlutabréfa í hlutaskrá. Arður skal greiddur þeim sem skráðir verða í hlutaskrá eftir að uppgjör viðskipta sem eiga sér stað fyrir lok aðalfundardags hefur farið fram, nema félaginu berist tilkynning um að arður hafi verið framseldur með framsali hlutabréfs. Ber bankinn enga ábyrgð á því, ef greiðslur eða tilkynningar misfarast vegna þess að vanrækt hefur verið að tilkynna honum um eiganda- eða aðsetursskipti.

**8. gr.**

Engin sérréttindi fylgja neinum hlutum í bankanum. Hluthafar eru ekki skyldir að þola innlausn á hlutum sínum.

**9. gr.**

Hver hluthafi er skyldur til, án sérstakrar skuldbindingar, að hlíta samþykktum, eins og þær eru nú, eða þeim síðar kann að verða breytt á löglegan hátt.

Hluthafar bera ekki ábyrgð á skuldbindingum bankans fram yfir hlut sinn.

### III. KAFLI

#### Hluthafafundir

**10. gr.**

Hluthafafundur fer með æðsta vald í málefnum bankans.

Rétt til að sækja hluthafafundi hafa hluthafar, umboðsmenn þeirra og ráðgjafar, endurskoðandi og bankastjóri. Hluthafi getur látið umboðsmann sækja hluthafafund fyrir sína hönd. Umboðsmaður skal leggja fram skriflegt og dagsett umboð.

Hluthafa er heimilt að sækja fund ásamt ráðgjafa. Ráðgjafi hefur hvorki málfrelsi, tillögurétt né atkvæðisrétt á hluthafafundum.

Endurskoðandi bankans og bankastjóri hafa fullt málfrelsi og tillögurétt á hluthafafundum, þótt ekki séu þeir hluthafar.

Bankaráði er heimilt að bjóða sérfræðingum setu á einstökum fundum, ef leita þarf álits þeirra eða aðstoðar.

**11. gr.**

Aðalfund skal halda fyrir lok apríl mánaðar ár hvert.

Til aðalfundar skal boða með auglýsingu sem birt er í útvarpi og dagblöðum eða á annan sannanlegan hátt með skemmst viku en lengst fjögurra vikna fyrirvara. Fundarefnis skal getið í fundarboði.

Aðalfundur er lögmaður ef löglega er til hans boðað, án tillits til þess hversu margir sækja hann.

Í samskiptum Landsbankans við hluthafa skal heimilt að nota rafræn skjálasamskipti og rafpóst við sendingar hvers kyns tilkynninga til hluthafa í stað tilkynninga á rituðum pappír. Með tilkynningum til hluthafa er meðal annars átt við tilkynningar um hlutafjáreign (hlutafjármiða), arð og hverjar aðrar tilkynningar sem bankaráð ákveður að senda til hluthafa. Ákvæði þetta skal jafnframt ná til og eru jafngild þeim ákvæðum sem kveða á um að tilkynningar til hluthafa séu lagðar fram á rituðum pappír. Upplýsingar um hvaða tilkynningar til hluthafa eru á rafrænu formi, hvar hægt er að nálgast leiðbeiningar um framkvæmd rafrænna samskipta og þann hugbúnað sem þarf að nota við rafræn samskipti skulu hluthöfum aðgengileg á heimasíðu Landsbankans og skrifstofu bankastjórnar. Bankaráði er falin nánari útfærsla á rafrænum samskiptum og rafpóstsendingum, þeim kröfum sem gerðar eru til tæknibúnaðar og á hvaða hátt hluthöfum er tilkynnt um hvaða samskipti skulu vera með rafrænum hætti.



#### 12. gr.

Á aðalfundi skulu tekin til afgreiðslu þessi mál:

1. Skýrsla bankaráðs um starfsemi bankans sl. starfsár.
2. Ársreikningur fyrir liðið starfsár ásamt skýrslu endurskoðanda lagður fram til staðfestingar.
3. Ákvörðun um greiðslu arðs og meðferð hagnaðar eða taps á síðastliðnu reikningsári.
4. Tillaga bankaráðs um starfskjarastefnu lögð fram til samþykktar.
5. Tillögur til breytinga á samþykktum, ef borist hafa.
6. Kosning bankaráðs.
7. Kosning endurskoðanda.
8. Ákvörðun um þóknun til bankaráðsmanna fyrir næsta kjörtímabil.
9. Önnur mál.

Um framkvæmd á kjöri bankaráðs fer samkvæmt ákvæðum laga um hlutafélög, nú 63. gr. laga nr. 2/1995.

#### 13. gr.

Aukafundi skal halda, þegar bankaráði þykir við þurfa, samkvæmt fundarályktun, eða ef kjörinn endurskoðandi eða hluthafar sem ráða yfir minnst 1/10 hlutum hlutafjárins krefjast þess skriflega og greina fundarefni, enda skal þá boða til aukafundar innan 14 daga frá því að krafan kom bankaráði í hendur.

Til aukafunda skal boða með minnst viku fyrirvara og lengst fjögurra vikna fyrirvara. Séu allir hluthafar mættir, eða umboðsmenn þeirra, geta þeir gefið undanþágu frá þessu ákvæði. Boða skal aukafundi með auglýsingu sem birt er í útvarpi og dagblöðum eða á annan sannanlegan hátt. Um lögmæti aukafunda skulu gilda sömu reglur og um lögmæti aðalfundar, sbr. 3. mgr. 11. gr.

#### 14. gr.

Hver hluthafi á rétt á að fá ákveðið mál tekið til meðferðar á hluthafafundi, ef hann gerir skriflega kröfu um það til bankaráðs með það löngum fyrirvara, að unnt sé samkvæmt samþykktum þessum að taka málið á dagskrá fundarins. Tilkynna skal um framboð til bankaráðs með minnst fimm daga fyrirvara.

Í fundarboði skal greina málefni þau, sem taka á til meðferðar á hluthafafundi. Víku fyrir hluthafafund hið skemmsta skal dagskrá, endanlegar tillögur, svo og ársreikningur, skýrsla bankaráðs og skýrsla endurskoðanda, sé um aðalfund að ræða, lögð fram hluthöfum til sýnis á skrifstofu bankans. Á sama stað skulu upplýsingar um frambjóðendur til bankaráðs liggja frammi tveimur dögum fyrir aðalfund.

Mál, sem ekki hafa verið greind á dagskrá er ekki unnt að taka til úrlausnar á hluthafafundi nema með samþykki allra hluthafa, en gera má um þau ályktun til leiðbeiningar fyrir bankaráð. Þótt máls hafi ekki verið getið á dagskrá, kemur það ekki í veg fyrir, að ákveðið sé að boða til aukafundar til að fjalla um málið, auk þess sem aðalfundur getur ávallt afgreitt mál, sem skylt er að taka til meðferðar samkvæmt lögum eða samþykktum.

Löglega frambornar viðauka- og breytingatillögur má bera upp á fundinum sjálfum, enda þótt þær hafi ekki legið frammi hluthöfum til sýnis.

#### 15. gr.

Formaður bankaráðs eða kjörinn fundarstjóri stjórnar hluthafafundum og kjöri fundarritara. Fundarstjóri athugar í upphafi fundarins, hvort löglega hafi verið til hans boðað, svo og hvort fundur sé lögmætur að öðru leyti og

lýsir yfir hvort svo sé. Hann stýrir öllum umræðum og atkvæðagreiðslum.

Þegar fundur hefur verið settur, skal gerð skrá yfir hluthafa og umboðsmenn hluthafa, sem fund sækja, til þess að ljóst sé, hversu mörgum hlutum og atkvæðum hver þeirra ræður yfir. Skrá þessi skal notuð þar til hluthafafundur kann að breyta henni.

#### 16. gr.

Fundarritari heldur fundargerðabók. Í fundargerðabók skal skrá ákvarðanir hluthafafundar ásamt úrslitum atkvæðagreiðslna. Skrá yfir viðstadda hluthafa og umboðsmenn þeirra skal færð í fundargerðabók eða fylgja henni. Fundargerð skal lesa upphátt fyrir fundarlok og skrá þar athugasemdir ef fram koma. Fundarstjóri og fundarritari skulu undirrita fundargerðabók.

Í síðasta lagi fjórtán dögum eftir hluthafafund skulu hluthafar eiga aðgang að fundargerðabók eða staðfestu endurriti fundargerða á skrifstofu bankans. Fundargerðabók skal varðveitt með tryggilegum hætti.

Skráðar fundargerðir skulu vera full sönnun þess sem gerst hefur á fundum.

#### 17. gr.

Á hluthafafundum fylgir eitt atkvæði hverri einni krónu í hlutafé.

Á hluthafafundum ræður afl atkvæða nema öðru vísi sé fyrir mælt í samþykktum þessum eða landslögum. Nú verða atkvæði jöfn við kosningar og ræður þá hlutkesti úrslitum. Atkvæðagreiðslur skulu vera skriflegar ef einhver atkvæðisbærra fundarmanna krefst þess.

Samþykki allra hluthafa þarf til þess:

1. Að skylda hluthafa til þess að leggja fram fé og annað í félagsþarfir fram yfir skuldbindingar sínar.
2. Að skylda hluthafa til að þola innlausn hluta sinna að einhverju leyti eða öllu umfram það sem mælt er fyrir í landslögum, nema að bankanum sé slitið eða hlutaféð löglega fært niður.
3. Að breyta tilgangi félagsins að verulegu leyti.
4. Að breyta ákvæðum samþykktanna um atkvæðisrétt eða um jafnrétti hluthafa.

## IV. KAFLI

### Stjórn bankans

#### 18. gr.

Stjórn félagsins, sem samkvæmt samþykktum þessum nefnist bankaráð, skal skipuð fimm mönnum kjörnum á aðalfundi til eins árs í senn. Jafnframt skulu kjörnir fimm menn til vara. Um hæfi bankaráðsmanna fer að lögum.

Kosning bankaráðs skal jafnan vera skrifleg, ef tillögur koma fram um fleiri menn en kjósa skal.

Bankaráð kys sér formann úr sínum hópi og skiptir að öðru leyti með sér verkum.

Bankaráði er heimilt að fela formanni bankaráðs að sinna ákveðnum verkefnum í þágu félagsins.

#### 19. gr.

Formaður kveður bankaráð til funda og stýrir þeim. Fundi skal halda hvenær sem hann telur þess þörf. Formanni er auk þess skylt að boða bankaráðsfund að kröfu eins bankaráðsmanna eða bankastjóra. Bankaráðsfundir skulu boðaðir með minnst sólarhrings fyrirvara. Bankaráðsfundir eru ályktunarbærir ef meirihluti bankaráðsmanna er mættur eða varamenn þeirra. Afl atkvæða ræður úrslitum við afgreiðslu máls. Falli atkvæði jöfn ræður atkvæði formanns.

Bankaráð skal halda gerðabók um það sem gerist á bankaráðsfundum og staðfesta hana með undirskrift sinni.

#### 20. gr.

Bankaráð hefur yfirumsjón með starfsemi bankans í samræmi við lög sem um starfsemina gilda, reglur og samþykktir og hefur eftirlit með rekstri bankans.

Bankaráð annast ráðningu bankastjóra og ákveður fjölda þeirra og starfskjör. Bankaráð staðfestir ráðningu staðgengla bankastjóra samkvæmt tillögu þeirra. Bankaráð skal setja reglur um verkaskiptingu ráðsins og bankastjóra, sem taka skulu mið af ákvæðum laga um hlutafélag nr. 2/1995, sbr. 1. mgr. 54. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki.

Bankaráð setur sér starfsreglur þar sem nánar er kveðið á um framkvæmd starfa þess. Í reglunum skal fjallað sérstaklega um heimildir bankaráðs til að taka ákvarðanir um einstök viðskipti, framkvæmd reglna um sérstakt hæfi bankaráðsmanna, meðferð bankaráðs á upplýsingum um einstaka viðskiptamenn, setu bankaráðsmanna í stjórnnum dótturfyrirtækja og hlutdeildarféлага, og framkvæmd reglna um meðferð viðskiptaerinda bankaráðsmanna. Starfsreglur þessar skal senda til Fjármálaeftirlitsins sbr. 2. mgr. 54. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki.

Einungis bankaráð getur veitt prókúruumboð fyrir félagið.

Undirritun meirihluta bankaráðs skuldbindur bankann.

#### 21. gr.

Framkvæmdastjórar félagsins, skv. lögum um fjármálafyrirtæki, nefnast bankastjórar.

Bankastjórar bera ábyrgð á daglegum rekstri bankans og fara með ákvörðunarvald í öllum málefnum hans sem ekki eru öðrum falin í lögum, reglugerðum eða samþykktum. Þeim ber að sjá um að bankareksturinn sé í samræmi við lög, reglugerðir eða samþykktir og ákvarðanir bankaráðs.

Bankastjórar sitja fundi bankaráðs nema bankaráð ákveði annað. Bankastjórar halda gerðabók þar sem þeir skrá helstu ákvarðanir sínar.

Bankastjórar skulu fullnægja öllum þeim hæfisskilyrðum sem lög um fjármálafyrirtæki og lög um hlutafélag kveða á um á hverjum tíma.



## V. KAFLI

### Reikningar og endurskoðun

#### 22. gr.

Á aðalfundi skal kjósa bankanum einn löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunarstofu til eins árs í senn. Skal endurskoðandi rannsaka reikninga bankans og öll reikningsgögn fyrir hvert starfsár og skal hafa aðgang að öllum bókum bankans og skjölum í þeim tilgangi.

Endurskoðandi skal fullnægja öllum þeim hæfisskilyrðum sem lög gera ráð fyrir á hverjum tíma.

#### 23. gr.

Starfsár bankans og reikningsár er almanaksárið. Bankaráð og bankastjórn semja á hverju ári ársreikning og ársskýrslu. Ársreikningur og ársskýrsla mynda eina heild.

Ársreikningur skal gerður samkvæmt lögum, reglum og góðri reikningsskilavenju, bæði að því er varðar mat á hinum ýmsu liðum, uppsetningu, sundurliðun, skýringar og heiti liða.

#### 24. gr.

Endurskoðandi skal endurskoða ársreikning bankans í samræmi við lög og góða endurskoðunarvenju. Endurskoðandi skal að lokinni endurskoðun árita ársreikninginn og skal áritunin fylgja ársreikningnum sem skýrsla hans. Skal ársreikningurinn og endurskoðunarskýrslan liggja frammi a.m.k. vikutíma fyrir aðalfund hluthöfum til sýnis.

Senda skal Fjármálaeftirlitinu endurskoðaða ársreikninga í síðasta lagi 3 mánuðum eftir lok reikningsárs.

## VI. KAFLI

### Önnur ákvæði

#### 25. gr.

Óheimilt er að ákveða að hluthafar í bankanum njóti hagstæðari kjara en aðrir viðskiptamenn hans í viðskiptum við hann, sem beinlínis verða rakin til eignarhluta viðkomandi hluthafa.

#### 26. gr.

Samþykktum þessum má breyta á lögmætum aðalfundi eða aukafundi, enda hljóti breytingin samþykki minnst 2/3 hluta greiddra atkvæða, svo og samþykki hluthafa er ráða yfir a.m.k. 2/3 hlutum af því hlutafé sem farið er með atkvæði fyrir á fundinum, enda sé annað atkvæðamagn ekki áskilið í samþykktum bankans eða landslögum.

Tillagna um breytingar á samþykktum skal geta í fundarboði.

**27. gr.**

Um slit eða samruna við aðrar stofnanir skal fara samkvæmt ákvæðum laga um fjármálafyrirtæki, ákvæðum laga um hlutafélög og ákvæðum annarra laga eftir því sem við á.

**28. gr.**

Þar sem ákvæði samþykkt þessara segja ekki til um hvernig með skuli farið, skal fara samkvæmt ákvæðum laga um fjármálafyrirtæki, ákvæðum laga um hlutafélög, ákvæðum laga um ársreikninga, svo og öðrum lagaákvæðum er við geta átt.

Þannig samþykkt á stofnfundi félagsins 10. september 1997 með breytingum samþykktum á hluthafafundi 3. september 1998, breytingum samþykktum á aðalfundi 22. mars 1999, breytingum samþykktum á hluthafafundi 26. júlí 2000, breytingum samþykktum á aðalfundi 21. mars 2002, breytingum samþykktum á aðalfundi 14. febrúar 2003, breytingum vegna hækkunar á hlutafé bankans, samþykktum af bankaráði 28. ágúst 2003 í samræmi við heimild í samþykktum breytingum á samþykktum á aðalfundi 14. febrúar 2004, breytingum vegna hækkunar á hlutafé bankans, samþykktum af bankaráði 12. mars 2004 í samræmi við heimild í samþykktum, breytingum samþykktum á aðalfundi 5. febrúar 2005, breytingum vegna hækkunar á hlutafé bankans, samþykktum af bankaráði 11. mars 2005 í samræmi við heimild í samþykktum, breytingum samþykktum af hluthafafundi 15. september 2005, breytingum samþykktum á aðalfundi 4. febrúar 2006, breytingum samþykktum á aðalfundi 9. febrúar 2007, breytingum vegna hækkunar á hlutafé bankans samþykktum af bankaráði 31. júlí 2007 í samræmi við heimild í samþykktum og breytingum samþykktum á aðalfundi 23. apríl 2008.

Reykjavík, 23. apríl 2008

f.h. Landsbanka Íslands hf.

---

Halldór J. Kristjánsson

---

Sigurjón Þ. Arnason

# SAMÞYKKTIR

## fyrir Glitni banka hf.

### I. kafli

#### Heiti félagsins, heimilisfang og hlutverk

##### 1. gr.

Félagið er hlutafélag og heitir Glitni banki hf. Félagið er viðskiptabanki og starfar samkvæmt lögum nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki og lögum nr. 2/1995 um hlutafélög.

##### 2. gr.

Heimili félagsins, höfuðstöðvar og varnarþing, er að Kirkjusandi 2, Reykjavík.

##### 3. gr.

Tilgangur félagsins er fjármálaþjónusta. Skal félaginu heimilt að stunda hverja þá starfsemi sem fjármálafyrirtækjum er heimil lögum samkvæmt sem og aðra starfsemi í eðlilegum tengslum við hana.

### II. kafli

#### Um hlutafé félagsins

##### 4. gr.

Hlutafé félagsins er kr. 14.880.701.303 – fjórtán milljarðar átta hundruð og áttatíu milljónir sjö hundruð og eitt þúsund þrjú hundruð og þrjár krónur – og skiptist í jafn marga hluti að fjárhæð 1 króna.

Stjórn er heimilt að hækka hlutafé félagsins um allt að kr. 1.500.000.000 – eitt þúsund og fimm hundruð milljónir króna – með áskrift nýrra hluta. Stjórn skal ákvarða útboðsgengi og greiðslukjör hinna nýju hluta og í hvaða áföngum heimildin verður nýtt. Hluthafar skulu eiga forgangsrétt til að skrá sig fyrir nýjum hlutum í félaginu í réttu hlutfalli við hlutafjáreign sína. Stjórn getur sett nánari reglur um sölu hlutanna. Heimild stjórnar til hlutafjárhækkunar samkvæmt þessari málsgrein fellur niður í árslok 2009 að því marki sem hún er þá enn ónotuð.

Stjórn er heimilt að hækka hlutafé félagsins um allt að kr. 2.500.000.000 – tvö þúsund og fimm hundruð milljónir króna – með áskrift nýrra hluta. Stjórn skal ákvarða útboðsgengi og greiðslukjör hinna nýju hluta og í hvaða áföngum heimildin verður nýtt. Hluthafar hafa ekki forgangsrétt til áskriftar að hinum nýju hlutum. Stjórn getur sett nánari reglur um sölu hlutanna. Heimild stjórnar til hlutafjárhækkunar samkvæmt þessari málsgrein fellur niður í árslok 2009 að því marki sem hún er þá enn ónotuð.

*[Handwritten signatures and initials]*

Stjórn er heimilt að hækka hlutfé félagsins um allt að kr. 200.000.000 – tvö hundruð milljónir króna – til að mæta arðgreiðslum til hluthafa í formi hlutfjár vegna rekstrarársins 2007.

Stjórn félagsins er heimilt að gefa út breytanleg skuldabréf að hámarki að fjárhæð kr. 15.000.000.000 -fimmtán milljarðar króna- með þeim skilmálum að heimilt sé eða skylt að breyta slíkri skuld í hluti í Glitni banka hf. að uppfylltum nánari skilyrðum samkvæmt ákvörðun stjórnar bankans. Stjórninni er ennfremur heimilt að hækka hlutfé félagsins um allt að kr. 1.250.000.000 -einn milljarð og tvö hundruð og fimmtíu milljónir króna- að nafnvirði til að mæta skuldbindingum félagsins samkvæmt hinum breytanlegu skuldabréfum. Hluthafar falla frá forgangsrétti sínum vegna hinna nýju hluta samkvæmt 3. mgr. 34. gr. laga nr. 2/1995 um hlutfélög. Hinir nýju hlutir skulu vera í sama flokki og með sömu réttindi og aðrir hlutir í félaginu, þeir skulu veita réttindi í félaginu frá skrásetningardegi hlutfjárhækkunarinnar og engar hömlur skulu vera á viðskiptum með þá. Stjórn skal að öðru leyti taka ákvörðun um skilmála útgáfu hinna breytanlegu skuldabréfa og um hækkun hlutfjárins. Stjórn er ennfremur heimilt að gera nauðsynlegar breytingar á samþykktum félagsins í tengslum við útgáfu hinna breytanlegu skuldabréfa og nauðsynlega hlutfjárhækkun. Heimild þessi til að gefa út breytanleg skuldabréf og hækka hlutféð gildir til 19. mars 2013.

#### 5. gr.

Engin sérréttindi fylgja hlutum í félaginu. Hluthafar eru ekki skyldir að þola innlausn á hlutum sínum.

#### 6. gr.

Engar hömlur ríkja að því er varðar sölu eða annað framsal hluta í félaginu.

Eigendaskipti að hlutum, hvort sem verður fyrir sölu, gjöf, erfð, búskipti eða aðför, skal ávallt tilkynna skrifstofu félagsins jafnskjótt og þau fara fram og skal þá breyta hlutaskrá til samræmis.

Sá sem eignast hluti í félaginu getur ekki beitt réttindum sínum sem hluthafi nema nafn hans hafi verið skráð í hlutaskrá eða hann hafi tilkynnt og fært sönnur á eign sína á hlutnum.

Gagnvart félaginu skal hlutaskráin skoðast sem fullgild sönnun fyrir eignarrétti að hlutum í félaginu. Skal arð á hverjum tíma svo og jöfnunarhlutabréf, fundarboð og tilkynningar allar, senda til þess aðila, sem á hverjum tíma er skráður eigandi viðkomandi hluta í hlutaskrá félagsins. Ber félagið enga ábyrgð á því, ef greiðslur eða tilkynningar misfarast vegna þess að vanrækt hefur verið að tilkynna félaginu eigenda- eða aðsetursskipti.

Ef hluthafi á meira en 1/3 hlutfjár og ræður yfir samsvarandi atkvæðamagni, geta aðrir hluthafar, hver um sig, krafist innlausnar hjá hluthafanum. Þá kröfu verða þeir að gera innan átta vikna frá því að þeir vita af þessum rétti sínum. Nái aðilar ekki samkomulagi um verð vísast til 22. gr. og 24. gr. laga nr. 2/1995 um hlutfélög.

Hlutabréf er heimilt samkvæmt ákvörðun að gefa út með rafrænum hætti í verðbrefamiðstöð í samræmi við lög um rafræna eignarskráningu verðbrefa.

*[Handwritten signatures and initials]*

### III. kafli

#### Um starfsemi og stjórn félagsins

##### 7. gr.

Aðalfund skal halda fyrir lok aprílmánaðar ár hvert.

Aðra hluthafafundi skal halda þegar stjórn þykir við þurfa, samkvæmt fundarályktun eða ef kjörið endurskoðunarfélag eða hluthafar, sem ráða yfir minnst 1/10 hluta hlutafjár, krefjast þess skriflega og greina fundarefni.

Til hluthafafunda skal boðað með auglýsingu sem birt skal í útvarpi og dagblöðum með skemmst viku en lengst fjögurra vikna fyrirvara. Í auglýsingu skal greint hvenær og hvar skuli afhenda aðgöngumiða og atkvæðaseðla til fundarins. Skal afhending fara fram eftir nánari ákvörðun stjórnar.

Hluthafafundur er lögmaður ef löglega er til hans boðað, án tillits til þess hversu margir sækja hann.

##### 8. gr.

Hver hluthafi á rétt á að fá ákveðið mál tekið til meðferðar á hluthafafundi, ef hann gerir skriflega kröfu um það til stjórnar eigi síðar en fimm virkum dögum fyrir upphaf fundar.

Í fundarboði skal greina málefni þau, sem taka á til meðferðar á hluthafafundi. Viku fyrir hluthafafund hið skemmsta skal dagskrá, endanlegar tillögur, svo og ársreikningur, ársskýrsla stjórnar og skýrsla skoðunarmanna, sé um aðalfund að ræða, lögð fram hluthöfum til sýnis á skrifstofu félagsins og samtímis send sérhverjum skráðum hluthafa, sem þess óskar.

##### 9. gr.

Á hluthafafundum fylgir eitt atkvæði hverri krónu í hlutafé

##### 10. gr.

Á aðalfundi félagsins skulu þessi mál tekin fyrir:

1. Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins síðastliðið ár.
2. Endurskoðaðir reikningar félagsins fyrir síðastliðið reikningsár.
3. Ákvörðun um greiðslu arðs og meðferð hagnaðar eða taps félagsins á síðastliðnu reikningsári.
4. Tillögur til breytinga á samþykktum félagsins, ef borist hafa.
5. Kosning til stjórnar.
6. Kosning endurskoðunarfélags.
7. Ákvörðun um þóknun til stjórnar fyrir næsta kjörtímabil.
8. Önnur mál löglega upp borin.

## 11. gr.

Stjórn félagsins skipa sjö menn og jafnmargir til vara. Þeir sem gefa kost á sér til setu í stjórn skulu tilkynna það skriflega til stjórnar eigi síðar en fimm virkum dögum fyrir upphaf aðalfundar. Stjórnin skal kosin á aðalfundi ár hvert. Aðalmenn skulu kosnir fyrst en varamenn síðan. Varamenn skulu taka sæti í forföllum aðalmanna þannig, að sá sem flest atkvæði fær tekur fyrst sæti og svo koll af kolli. Sé ekki unnt að gera upp á milli varamanna eftir atkvæðum skal stjórn ákveða í hvaða röð þeir taka sæti.

Kosningin er án listaframboðs. Hún skal fara þannig fram að nöfnum allra frambjóðenda er raðað á einn atkvæðaseðil. Hver hluthafi má greiða frá einum og upp í sjö mönnum atkvæði. Atkvæðamagni sínu má hann skipta í þeim hlutföllum sem hann vill milli frambjóðendanna. Skipti hann því ekki sjálfur skal miðað við að það skiptist jafnt á milli þeirra sem hann kys.

Stjórnarmenn skulu uppfylla almenn hæfisskilyrði samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki.

## 12. gr.

Stjórn kys sér formann og varaformann úr sínum hópi. Varaformaður gegnir störfum formanns í forföllum hans. Formaður kveður stjórnina til funda, stýrir þeim og undirbýr þá í samráði við forstjóra. Fundi skal halda ef formaður ráðsins eða forstjórar telja það nauðsynlegt eða ef forstjórar eða einhver stjórnarmanna óska þess. Fundir stjórnar eru lögmætir, ef fjórir stjórnarmenn sækja fund. Sé fundur eigi fullskipaður þarf fjögur atkvæði til gildirar ályktunar. Afl atkvæða ræður úrslitum nema öðruvísi sé fyrir mælt í samþykktum þessum eða öðrum lögmætum fyrir mælum. Séu atkvæði jöfn ræður atkvæði formanns. Það sem gerist á fundum stjórnar, skal bókað í sérstaka gerðabók. Hver sá, sem rétt á að sitja fund stjórnar, getur krafist þess, að bókaðar séu athugasemdir hans og sérálit.

## 13. gr.

Stjórn hefur æðstu forstöðu félagsins, nema þar sem öðruvísi er ákveðið í samþykktum þessum.

Verkefni þess eru meðal annars:

1. Að hafa yfirumsjón með starfsemi félagsins og almennt eftirlit með rekstri þess í samræmi við lög og samþykktir.
2. Að staðfesta höfuðþætti í stjórnskipulagi félagsins.
3. Að ráða einn eða fleiri bankastjóra sem í stjórnskipulagi félagsins skulu nefnast forstjórar.
4. Að ráða forstöðumann endurskoðunardeildar.
5. Að ákveða hvaða starfsmenn hafi heimild til að skuldbinda félagið og setja reglur þar um.

Handwritten signatures and initials, including "JSC" and "RST".

6. Að móta stefnu í vaxta- og gjaldskrármálum og setja almennar reglur um lánveitingar, veitingu ábyrgða og lántökur félagsins, að fenginni umsögn forstjóra.
7. Að taka ákvörðun um afskriftir eigna og útlána félagsins. Stjórn er heimilt að fela starfsmönnum félagsins að annast afskriftir útlána eftir reglum sem það setur.
8. Að gera tillögu til aðalfundar um ráðstöfun tekjuafgangs samkvæmt ársreikningi.
9. Að annast önnur þau verkefni sem ákveðin eru í lögum um fjármálafyrirtæki hverju sinni eða lögum um hlutafélög.

Stjórn fjallar einnig um önnur mál sem hluthafafundur eða forstjórar leggja fyrir hana.

#### 14. gr.

Allt það, sem stjórnin lætur skriflega frá sér fara, skal undirritað af formanni og einum öðrum stjórnarmanni. Félagið ábyrgist allar skuldbindingar, sem stjórnin undirgengst stöðu sinni samkvæmt, fyrir hönd félagsins.

#### 15. gr.

Dagleg stjórn félagsins er í höndum forstjóra, sem stjórn ræður í samræmi við 3. tl. 13. gr. samþykka þessara. Forstjórar skulu sjá til þess að rekstur félagsins sé í samræmi við lög, samþykktir þessar og ákvarðanir stjórnar.

Forstjórum er óheimilt, nema að fengnu leyfi stjórnar, að sitja í stjórn stofnana og atvinnufyrirtækja utan félagsins eða taka þátt í atvinnurekstri að öðru leyti nema lög kveði á um annað.

### IV. kafli

#### Ársreikningur og endurskoðun

#### 16. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið.

Ársreikningurinn skal endurskoðaður af endurskoðunarfélagi.

Endurskoðunarfélag skal kjörið á aðalfundi félagsins til eins árs í senn.



V. kafli  
Önnur ákvæði

17. gr.

Þar sem ákvæði samþykktá þessara segja ekki til um hvernig með skuli farið skal hlíta ákvæðum laga um fjármálafyrirtæki, laga um ársreikninga, laga um hlutafélög og ákvæðum annarra laga eftir því sem við á.

Þannig staðfest,

Reykjavík, 19. mars 2008



Kristín Edwald

